

6. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu mánudaginn 22. október kl. 11:30

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir - formaður
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir - Sjálfstæðisflokkur
Andrés Ingi Jónsson - Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Helgi Hrafn Gunnarsson - Píratar
Bjarni Gíslason - Hjálparstarf kirkjunnar
Ragnar Gunnarsson - Kristniboðssambandið
Erna Reynisdóttir - Barnaheill
Geir Gunnlaugsson - Háskóli Íslands
Anna Elísabet Ólafsdóttir - Háskólinn á Bifröst
Maríanna Traustadóttir - Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson - Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Davíð Bjarnason (deildarstjóri) og Pétur Skúlason Waldorff (sérfræðingur).

Albertína F. Elíasdóttir (Samfylkingin) og Ragnar Schram (SOS Barnaþorp) boðuðu forföll.

Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn), Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Ólafur Ísleifsson (Flokkur Fólksins) og Birgir Þórarinsson (Miðflokkur) voru fjarverandi.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir vék af fundi 12:21.

Nefndarritari:

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

15. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur.

Fundargerð aukafundar nefndar frá 21. September var samþykkt.

2. Umræður um jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD DAC) á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Nefndarfulltrúa var falið að taka saman punkta um jafningjarýni DAC á framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Fyrri greinargerð nefndarfulltrúa var lögð fyrir nefnd sl. vor. Í máli nefndarfulltrúa kom fram að jafningjarýni DAC er mikilvægt innlegg í umræðu um þróunarsamvinnu Íslendinga þar sem um fyrstu heildstæðu úttekt á framkvæmd hennar er að ræða og full ástæða fyrir nefnd að mynda sér skoðun á lykilþáttum. UTN hafi þegar hafið innleiðingar á tilmælum rýnskýrslu t.a.m. í þingsályktunartillögu um nýja þróunarsamvinnustefnu. Jákvætt að nefnd hafi rætt mörg efni sem koma fram í rýninni á síðustu fundum t.d. vinnu við heimsmarkmið og framlagsmál í tengslum við hlutfall sem fer í kostnað innanlands til hælisleitenda og flóttafólks. Nefndarfulltrúi bar upp þá

spurningu hvort ekki ætti að liggja fyrir nefnd að ræða önnur stór mál sem minnst er á í tilmælum eins og samstarf þróunarsamvinnu við einkaaðila, stuðning við einstaka stofnanir líkt og Asíska fjárfestingabankann og eftirfylgni úttekta á þróunarverkefnum og eftirliti UTN á fjölþjóðastofnunum. Í því samhengi benti nefndarfulltrúi á ójafnvægi á milli þeirrar kröfu um að tvíhliða samstarf verði að vera metið reglulega og sýni fram á árangur og skilvirkni en erfitt sé að henda reiður á samsvarandi hjá fjölþjóðastofnunum sem Ísland styður við. Það væru líka önnur mál, t.d. eins og kynningarmál út á við og hvernig þróunarsamvinnunefnd kemur að því sem þarf að skoða betur. Nefnd þakkaði nefndarfulltrúa fyrir vel unnin störf við álitserð sem skoða þurfi betur.

Ákveðið var að senda nefnd álitserð sem kynnt var á fundi og halda áfram umræðu um efni hennar í tölvupósti. Formaður byrjar það ferli með því að senda fyrstu athugasemdir við álitserð.

3. Kynning á nýju svæðasamstarfa í Vestur-Afríku á sviði fiskimála.

Samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands skal þróunarsamvinnunefnd fylgjast með framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Deild svæðasamstarfs og atvinnulífs á þróunarsamvinnuskrifstofu (PSS) kynnti fyrir þróunarsamvinnunefnd nýtt svæðasamstarf í Vestur-Afríkuríkjunum, Líberíu og Sierra Leone. Pétur Skúlason Waldorff, sérfræðingur í deild svæðasamstarfs og atvinnulífs, kynnti verkefnið sem unnið er í samstarfi við Alþjóðabankann og fiskimálayfirvöld í löndunum.

4. Önnur mál.

- a. Tillögur UTN um breytingar á alþjóðlegu samstarfi skóla SP á Íslandi.

Davíð Bjarnason, deildarstjóra svæðasamstarfs og atvinnulífs, kynnti tillögur UTN um breytingar á alþjóðlegu samstarfi Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi. Samtöl og greiningar hafa farið fram síðustu mánuði í samráði við skóla HSP á Íslandi og utanaðkomandi ráðgjafa, sem framkvæmdi úttekt á HSP árið 2017 að beiðni ráðuneytisins. Samráðsferlið hófst vegna þess að áherslur HSP í Tókýó samræmast ekki núverandi áherslum Íslands um starf og hlutverk skólanna í íslenskri þróunarsamvinnu. Stofnanir HSP leggja megináherslu á rannsóknir og stefnumótun á meðan íslensku skólarnir hafa hagnýta nálgun að leiðarljósi við framkvæmd á þeim málaflokkum sem skólarnir standa vörð um og leggja sig fram um að þróunarárangur hljótist af því starfi. Margir aðrir þættir liggja að baki auk ósveigjanleika HSP í Tókýó en útkoma úr stefnumótandi vinnu við nýja þróunarsamvinnuáætlun skerpti sýn ráðuneytisins á því hvert það vill að hlutverk skólanna sé. Í kjölfarið varð ljóst um breytt fyrirkomulag um samstarf um skóla SP á Ísland yrði ofan á og hefur utanríkisráðuneytið skoðað aðra samstarfsaðila í því sambandi. Líklegustu kostirnir eru núna stofnanir UNITAR í Genf og UNESCO í París. Megináherslur þeirra stofnanna samræmast vel kjarnastarfsemi skólanna eins og staðan er núna og geta komið til móts við þarfir og áherslur Íslands í þróunarsamvinnu. Enn verða grunnútfærslur þær sömu, hálfis árs nám verði kjarni skólanna sem fyrr og horft verði til samlegðaráhrifa t.d. inn í nýtt svæðasamstarf og þjálfunarhlutverk skólanna innan þess.

- b. Nefnd var upplýst um nýtt og opið samráðsferli í samráðsgátt stjórnvalda um drög að reglum um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð sem lokar 26. október.
- c. Næsti fundur þróunarsamvinnunefndar.

Næstu fundur nefndar og annar fundur með utanríkisráðherra á árinu verður haldinn fimmtudaginn **29. nóv. kl. 9:45**. Nefnd vill ræða málefni sem DAC rýnin tekur á við ráðherra. Formaður stakk upp á því að fá kynningu á samskipta- og kynningaráætlun UTN í þróunarsamvinnu á næsta fundi nefndar.

- d. Helgi Hrafn Gunnarsson verður aðalmaður í þróunarsamvinnunefnd fyrir hönd Pírata í stað Halldóru Mogensen, sem héðan í frá verður varafulltrúi í þróunarsamvinnunefnd.
- e. *Ákveðið var* að ritari skoði aðgang nefndarfulltrúa að skjölum og efni á innri vef ráðuneytisins og haldi þeim vef uppfærðum.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið 12:44.